

Stjórnarfundur 22. maí 2017

Mætt: Hjörtur Bergstað, Maríanna Gunnarsdóttir, Kristrún Ágústsdóttir, Svaðar Magnússon og Jón Finnur sem ritaði fundargerð.

1. **Fundargerð síðasta fundar** – borinn upp og samþykkt samhljóða.
2. **Deiliskipulagsbreyting í Almannadal – gististaðir og veitingarsala:** Skipulagssvið Reykjavíkurborgar óskar eftir umsögn frá Fáki um fyrirspurn um deiliskipulagsbreytingu í Almannadal sem í dag er tilgreindur sem íþróttasvæði en á þeim má líka heimila gistingu og/eða gistingu með veitingasölu. Ákveðið að fá svar líka frá húseigendafélaginu í Almannadal varðandi framtíðarsýn þeirra á hverfið áður en umsögn verður gefin.
3. **Gjaldkeri – peningamál Fáks.** Kristrún gjaldkeri kom með fyrirspurnir varðandi hvernig allt ferlið væri varðandi peningastreymi, greiðslu reikninga og fjárhagslegt sjálfstæði deilda. Einnig var farið yfir hvernig væri best að hafa verkferlið með samþykki, bókun og greiðslu reikninga. Mikilvægt að allt sé aðskilið og kvittanir til fyrir öllu. Kristrún er að fara í frí næstu mánuði og samþykkt að Maríanna fái prófkúru að bankareikningunum og greiði reikninga fyrir hönd félagsins á meðan gjaldkerinn er í frí.
4. „**Hjartabrekkan**“ – frágangur og þökulagning: JF fái tilboð í þökulagningu og frágang frá fleiri fyrirtækjum í áhorfendabrekku við Hvammssvöllinn, en Sævar túnþökusali eru búinn að skila inn tilboði sem hljóðar upp á 560 kr. fermetrinn (með vsk).
5. **Önnur mál**
 - a. Heldri Fáksmenn – Búið að skipuleggja ferð nk. laugardag í Árbakka, Leirubakka og Austurás.
 - b. Gæðingamótið – Frekar döpur skráning til að byrja með á gæðingamótið en sjáum til hvort það glæðist ekki eitthvað á síðustu metrunum. Finnum þó fyrir minni áhuga á gæðingamótum þegar ekki eru landsmótsár.
 - c. Sameiginlegir reiðtúrar – ákveðið að fara í miðnætureið í Gjárétt nk. miðvikudagskvöld (frídagur daginn eftir). Veðurspá er góð og verður grillað á staðnum.
 - d. Kynbótasýning í júní -Útbúa þarf ca. 20 nýja staura (hólkar, járn og steypa) til að geta girt kynbótabrautina af báðu megin. Samþykkt að Svaðar fari í verkið.
 - e. Mótahald í júní – Reykjavík Riders Cup í kringum 17. júní og nýtt æskulýðsmót (börn, unglingsar og ungmenni) hálfum mánuði fyrir Íslandsmótið þeirra og yrði það þá í lok júní (ca. 28.-29. júní). JF kanni með mótanefnd og æskulýðsnefnd að þær koma að þessum mótmotum.
 - f. Fáksferð í sumar? Ekki fyrirhuguð hefðbundin Fáksferð en ákveðið að kanna með ferð á Þingvelli. Ríða þá um þjóðgarðinn undir leiðsögn fróðra manna og jafnvel eitthvað víðara (2 daga ferð).
 - g. Hljóðkerfi – hátalari: Gömlu hátalarnir orðnir ónýtir og annað hvort þarf að kaupa nýja eða athuga með nýtt hljóðkerfi sem virkar bæði í Reiðhöllinni og á útimótum. HB kannar málið.
 - h. Verðlaunaborðarnir – Eru komnir og JF athugar hvort Kolla geti skrifað á þá með skrautskrift og svo mun Svaðar keyrir þá út til lögmætra eigenda.

Fleira ekki bókað og fundi slitið.

J. Beagle